

6. gr.

99

18. maí

Vextir af sjóðnum leggjast allir við höfuðstól og eins gjafir, er honum kunna að berast, unz hann er orðinn það stór, að stjórn sjóðsins sér fært að hann taki til starfa. Úr því leggjast jafnan $\frac{1}{2}$ vaxtanna við höfuðstól, en $\frac{1}{2}$ af þeim má verja til þess að fá hæfan mann til lað halda námskeið fyrir unglina í Þorkelshólshreppi, er leiðbeini þeim, hiðstætt því sem skátar kenna um drengilega hegðun í hvívetna. Jafnframt sé reynt að vekja áhuga þeirra á almennri náttúruvegurð og að prýða kring um heimili sín svo sem með trjá- og blómarækt.

Takist að stofna og starfrækja almennan félagsskap meðal ungliga sveitarinnar á þessum grundvelli nýtur hann hinna útborguðu vaxta sjóðsins, en að öðrum kosti hefur stjórn sjóðsins heimild að verja vöxtum hans til eflingar trjáræktar, til gagns og heimilisprýði. Sé að mati stjórnarinnar um stund ekki aðstaða til þess að nota sjóðinn samkvæmt framangreindum tilgangi, þá er allt að 5 ára vöxtum heimilt til ráðstöfunar, að þeim tíma liðnum falla þeir allir til höfuðstólsins, sem aldrei má skerða. Fer þá eins um næsta 5 ára tímabil o. s. frv.

7. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar í Þorkelshólshreppi varðveiti reikninga sjóðsins og séu þeir endurskoðaðir með reikningum hreppsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Lækjamóti, 20. okt. 1943.

Jónína Sigurðardóttir Líndal,
formaður.

Margrét Jóhannesdóttir,
ritari.

Kristín Gunnardóttir,
gjaldkeri.

AUGLÝSING

100

29. maí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað,
nr. 73 15. júlí 1937.

4. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júlí til 1. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.